

Fundur ráðgefandi siðanefndar forsætisnefndar Alþingis,  
mánudaginn 19. mars 2018, kl. 2 síðdegis.

Á fundinum voru Ásta R. Jóhannesdóttir, Salvör Nordal og Hafstein Þór Hauksson (var á Skype). Heiðrún Pálsdóttir ritaði fundargerð.

Tekið var fyrir eina dagskrármálið, sem voru tillögur vinnuhóps um endurskoðun á siðareglum alþingismanna.

Nefndin ræddi tillögurnar og leggur til eftirfarandi breytingar:

- Að orðalagið í nýjum staflið (eftir c-lið 1. mgr. 5. gr.) verði: „Alþingismenn sem þjóðkjörnir fulltrúar: ... d. leggja sig fram um að skapa í störfum sínum heilbriggt starfsumhverfi innan þings-þar sem hafnað er hvers konar kynferðislegri eða kynbundinni áreitni, einelti eða annarri vanvirðandi framkomu.
- Að grein sem lagt er til að komi á eftir 7. gr. reglnanna orðist svo: „Þingmenn skulu ekki sýna öðrum þingmönnum, starfsmönnum þingsins eða gestum ~~sem koma á Alþingi~~ kynferðislega eða kynbundna áreitni, einelti eða aðra vanvirðandi framkomu.

Tilfni breytingatillagna nefndarinnar er að ekki verður talið eðlilegt að binda tilgreinda háttsemi við húsakynni Alþingis heldur taki til háttsemi hvar sem alþingismenn eru að störfum, m.a. á fundum utan Alþingis (jafnt á landsbyggð og erlendis).

f.h. ráðgefandi siðanefndar forsætisnefndar

  
Ásta R. Jóhannesdóttir, formaður